

September 2024



Hvatarblaðið

Fundargerðir

Sveitarstjórn
575. fundur



KERHÓLSSKÓLI

Tveir elstu árgangar leikskóladeildar og 1.- 4. bekkur í Stokkseyrarfjöru í byrjun skólaársins.



BOCCIA 60+

Við endum sumargöngurnar
á því að fara í Boccia.

Hittumst í íþróttahúsinu á Sólheimum
þann 17. september kl. 14:00

Valgeir tekur á móti hópnum og
kynnir íþróttina .

Öll velkomin

Komum saman 60+

Opið hús á bókasafninu.

Þann 24. september klukkan 20:00 verður opið
hús á bókasafninu á Borg fyrir öll 60 ára og
eldri.

Þetta er óformleg samvera þar sem hægt er
að koma og hitta aðra, sinna hannyrðum,
spila og spjalla, allt eftir áhuga hvers og
eins.

Kaffi verður í boði og gaman ef fólk kæmi
með eitthvað smáræði í sameiginlegt snarl.



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Grímsnes- og Grafingshreppur
vellíðan fyrir alla

Nokkur orð frá sveitarstjórn vegna umræðu sem farið hefur fram í fjölmiðlum upp á síðkastið, um búsetufrelsi og fleira

Búseta í dreifbýli hefur sína kosti og galla, nálægðin við náttúruna er stórt aðdráttarafl en á sama tíma getur verið aðeins lengra í ákveðna þjónustu.

Hvert sveitarfélag gegnir ákveðnum skyldum gagnvart íbúum þess. Skipuleggja þarf alla þjónustu fyrir íbúa eins og heimahjúkrun, skólahald, sorphirðu, snjómokstur, verslun og þjónustu, félagsþjónustu, gatnagerð, skólaakstur, rekstur grunn- og leikskóla svo fátt eitt sé nefnt.

Í því skyni að allt gangi vel fyrir sig er nauðsynlegt að skipuleggja byggð vel. Hvar býr fólk? Hvar er iðnaður? Hvar þarf að huga að vatnsvernd? Hvernig skal samgöngum háttað? Til að halda utan um alla slíka þætti og ótal fleiri og í samræmi við skipulagslög er því hvert svæði innan sveitarfélags skilgreint. Aðeins þannig getur hvert sveitarfélag skipulagt þjónustuna sem því ber að veita sínum íbúum til dæmis snjómokstur, skólahald, sorphirðu og félagsþjónustu.

Segja má að grundvallar málaflokkur fyrir þróun byggðar, búsetufrelsi og samfélag séu því skipulagsmál hvers sveitarfélags og er það í gegnum skipulagsáætlanir þ.m.t. aðalskipulagið sem vinnan á sér stað. Í aðalskipulagi hafa sveitarstjórnir ákveðna landnotkunarflokka sem þær vinna með til ákvörðunar m.a. um búsetufyrirkomulag og stýra þannig íbúa- og byggðarþróun með sínum skipulagsáætlunum og meta út frá því hverskonar uppbygging þarf að eiga sér stað í sveitarfélaginu. Samhliða aðalskipulaginu eru unnar ýmsar áætlanir sem sveitarstjórnir og starfsmenn sveitarfélaga nýta við að gera áætlanir um þjónustu og innviðauppbyggingu í samfélaginu. Til að þjónusta íbúana þurfa svo sveitarfélögin tekjur.

Hvert sveitarfélag hefur lögum samkvæmt þrjá tekjustofna; fasteignaskatt, útsvar og framlög frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fasteignaskattur er skattur sem allir fasteignaeigendur greiða og lagður er á fasteignir í samræmi við lög.

Útsvar er ákveðin % af tekjum skattskyldra einstaklinga.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga stuðlar að fjárhagslegu jafnvægi milli sveitarfélaga og tryggir að þau geti veitt íbúum sínum sambærilega þjónustu óháð stærð og fjárhagsstöðu. Grímsnes- og Grafningshreppur er eitt fárra sveitarfélaga á Íslandi sem fjármagnar lögbundna grunnþjónustu með tveimur tekjustofnum, fasteignaskatti og útsvari þar sem framlögin úr jöfnunarsjóði til sveitarfélagsins eru skert 100%. Þau eru skert m.a. vegna þess fjölda frístundahúsa sem hafa byggst upp í sveitarfélaginu þar sem tekjustofnar sveitarfélagsins eru metnir það sterkir að ekki kemur til úthlutunar framlags frá jöfnunarsjóði.

Fasteignaskatturinn í Grímsnes- og Grafningshreppi er meðal annars notaður til að greiða til Brunavarna Árnassýslu og Almannavarna, skatturinn fer einnig í sameiginleg verkefni sveitarfélaga á Suðurlandi s.s. söfn, Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita þar sem skipulags- og byggingarfulltrúar starfa. Jafnframt fer skatturinn í að halda úti skrifstofu sveitarfélagsins, sundlaug og íþróttamiðstöð. Útsvarið fer svo í rekstur leik- og grunnskóla og aðra þjónustu sem fylgja lögheimilis skráningum.

Eftir því sem okkur fjölgar verður krafan um mismunandi búsetuform háværingu. Nú hefur færst í vöxt að fólk vilji búa í frístundahúsunum sínum. Það sækir ef til vill í það næði og þá ró sem fylgir frístundabyggð. Það sækir ef til vill í fallega náttúru sem umlykur slíka byggð. Í Grímsnes- og Grafningshreppi eru 3300 frístundahús og umhverfið er allt hið stórkostlegasta. Skiljanlega vill fólk búa á slíkum stað.

Hins vegar er það svo að sveitarfélög geta ekki breytt frístundasvæði í íbúðabyggð bara af því að einhver vill búa þar. Málið er flóknara en svo. Fjöldi fólks vill til dæmis eiga frístundahús á þessum svæðum og koma þangað í fríum. Mörg þessara svæða eru afgirt og aðgangsstýrð. Ef breyta á þessum svæðum í íbúðabyggð þarf til dæmis að taka þessar aðgangsstýringar niður. Það þarf að tryggja öllum sem eiga húsnæði á svæðinu þá þjónustu sem íbúum ber. Að mörgu leyti er krafan skiljanleg en við þekkjum flest orðatiltækið „með lögum skal land byggja“ og í lögum um lögheimili segir að lögheimili skuli skráð í íbúð eða húsi sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands og hefur staðfang. Slík skráning og skipulagsáætlanir um landnotkun hjálpar kjörnum fulltrúum og starfsmönnum eins og áður segir að skipuleggja áætlanir um

innviðauppbbyggingu og aðra þjónustu sem þarf að veita í sveitarfélögunum. Eiga örfá sem vilja búa í frístundahúsum að hafa það mikið skipulagsvald í sveitarfélaginu að það eitt að þau vilji búa þar ráði skipulagi svæðisins? Hvað með hina frístundahúsaeygendurna sem vilja bara eiga frístundahús? Er það stjórnarsýsla sem almenningur sættir sig við?

Í Grímsnes- og Grafningshreppi er gott að búa og má finna fjölbreytta búsetukosti í íbúðarhúsnæði í þéttbýlinu Borg ásamt því að það eru til sölu lóðir og jarðir í dreifbýlinu.

Undirrituð hafa setið í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps frá kosningum 2022 og hafa allan tímann unnið af heilindum fyrir heildarhagsmuni alls sveitarfélagsins og samfélagsins. Höfundar eiga sæti í sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti
Björn Kristinn Pálmarsson
Dagný Davíðsdóttir
Ragnheiður Eggertsdóttir
Smári Bergmann Kolbeinsson



Miðpunktur tækifæra



á fjölmennu svæði



JÞ Verk

Jarðvinnuverktaki

JTVERKEHF@GMAIL.COM

Jóhannes 848-1123 & Guðmundur 868-4115

Tökum að okkur STÓR og smá verk:

- jarðvinnu -
- tætingu -
- snjómokstur -
- bílaflutninga,
- jarðheflun
- fólksflutninga.

JÞ Verk



Skjótum rótum



og vöxum saman



Haustfundur

Kvenfélag Grímsneshrepps heldur haustfund
fimmtudaginn 5. september kl. 18 í Félagsheimilinu Borg.
Munið 2000 kr. í kaffisjóð.
Allar konur eru velkomnar.



Dagskrá haustfundar

5. september 2024 í Félagsheimilinu Borg kl. 18:00

18:00 Fundarsetning

18:05 Félagsstarfið í sumar

Heldriborgaraferð

Grímsævintýri

18:15 Úthlutun styrkja

18:25 Inntaka nýrra félaga

18:30 Kosningar í nefndir:

Stjórn Grímsævintýra – 4 konur

Tombólunefnd – 2 konur

Blúndukaffi og markaðsnefnd – 4 konur

Veislunefnd – 3 konur

Kjörnefnd – 3 konur

Gleði og ferðanefnd – 3 konur

Námskeiðsnefnd – 2 konur

Bingónefnd – 4 konur

18:50 Starfið framundan

19:00 Mörkin

19:10 Matarhlé

19:30 Stöðumat og framtíðin

Umsjón Laufey Guðmundsdóttir

20:00 Önnur mál



Tvö skólastig



undir einu þaki



SÓLHEIMAR
SJÁLFBÆRT SAMFÉLAG

GRÆNA KANNAN - KAFFIHÚS

VERSLUNIN VALA

OPNUNARTÍMI
GRÆNU KÖNNUNNAR OG VÖLU

ALLA DAGA

11:00 TIL 16:00

MÖTUNEYTI OPIÐ ALLA VIRKA
DAGA FRÁ 11:30 TIL 13:00



Lífræn ræktun

Garðyrkjustöðin Sunna er einn stærsti framleiðandi á lífrænt ræktuðu grænmeti undir gleri á Íslandi.



Sjálfbærni

Markmið Sólheima er að skapa sjálfbært samfélag, byggt fólki sem leggur áherslu á ræktun manns og náttúru.



Grímsnes- og Grafningshreppur

Sumaropnun

Sumaropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. maí til 31. ágúst

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-16	Lokað	13-16	13-16	10-16	Lokað

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladað – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMLISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**

Dagatal

Kvenfélags Grímsneshrepps 2024

5. septemb.	Haustfundur
Sept/okt.	Gleði með uppsveitafélögunum
11.-13. októb.	Landsþing KÍ á Ísafirði og í Hnífsdal
1. nóvember	Grimuball
Nóvember	Jólabíngó
Nóv./des.	Jólafundur



Kæru félagskonur, endilega takið dagana frá og merkið í dagatalið.



Bókasafn / Library

Grímsnes- og Grafningshrepps



Opnunartímar í september/ Opening hours in september:

Mánudaga/Mondays	Kl. 15:00 - 17:00
Miðvikudaga/Wednesdays	Kl. 15:30 - 16:30

Kvöldopnun/ Evening hours:

Þriðjud./Tuesday	10. sept.	kl. 19:30 - 21:30	Handverkskvöld
Fimmtud. /Thursday	19. sept.	kl. 19:30 - 21:30	
Þriðjud./Tuesday	24. sept.	kl. 19:30 - 21:30	Eldriborgarar

Öll velkomin :)



ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN



Borg

vetraropnun



Frá 18. ágúst 2024

Mánudaga - fimmtudaga kl. 14:00 - 21:30

Föstudaga Lokað

Laugardaga og sunnudaga 10:00 - 18:00

Hætt er að hleypa ofan í laugina
20 mínútum fyrir lokun

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 - 5530

RITSTJÓRI HVATARBLAÐSINS
LINDA SVERRISDÓTTIR

ÁBYRGÐARMAÐUR
ÞORLEIF HOFFMANN
GUNNARSDÓTTIR

Efni í blaðið þarf að berast fyrir
28. hvers mánaðar á netföngin:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

<https://www.gogg.is/>